



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## FORSETI ÍSLANDS FLYTUR FYRIRLESTRA VIÐ ÞRJÁ BRESKA HÁSKÓLA

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson heldur til Bretlands á morgun, miðvikudaginn 30. janúar, og flytur fyrirlestra við þrjá háskóla í þeirra boði.

Miðvikudaginn 30. janúar flytur forseti erindi og tekur þátt í umræðum í Oxford Union [<https://www.oxford-union.org/node/1859>] kl. 17:00. Forseti mun jafnframt hitta íslenska námsmenn í Oxford og eiga fund með kennurum á sviði norrænna miðaldabókmennta.

Daginn eftir, fimmtudaginn 31. janúar, heldur forseti til Loughborough University [<https://www.lboro.ac.uk/>], sem valinn var háskóli ársins í Bretlandi, og heldur fyrirlestur við íþróttadeild háskólans. Fyrirlesturinn ber heitið „*Never wake me up from this dream. “Iceland’s success in sports and its implications for national self-perception.*“ Forseti mun jafnframt eiga fund með rektor háskólans og kynna sér starfsemi skólans.

Föstudaginn 1. febrúar liggur leiðin til Warwick þar sem forseti flytur erindi á Warwick Economics Summit [<https://www.warwickeconomicssummit.com/>] við Warwick University. Fyrirlesturinn ber heitið *Revisiting Warwick: From Comparative Communist Systems to Brexit and Beyond.*

Þess má geta að forseti stundaði nám á tveimur ofangreindra staða, í Oxford og við Warwickháskóla.

29. janúar 2019

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).